

fréttabréf félags heyrnarlausra

3.tbl. 1. árg. maí 1997

Ritstjóri: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir Ábyrgðarmaður: Berglind Stefánsdóttir, formaður FH Ljósmyndir: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir
 Prentvinnsla: Félagsprentsmiðjan ehf. Upplag: 400 eintök Útgefandi: Félag heyrnarlausra Laugavegi 26, 101 Reykjavík, Sími: 561-3560 (tal) Fax: 551-3567
 Félag heyrnarlausra er aðili að : Dövas Nordiska Råd (DNR), World Federation of the Deaf (WFD) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ).



Beðið eftir forsætisráðherranum í rigningu fyrir utan Alþingishúsið 30 apríl s.l. (Mynd HV)



Berglind Stefánsdóttir fer yfir áskorun FH til forsætisráðherra á tröppum Alþingishússins.



Söguleg stund. Berglind afhendir Davíð Oddssyni áskorunina.



Séð yfir þingsalinn í Alþingishúsinu, eftirminnileg sjón. (Mynd HV)

SÖGULEG STUND Í ALÞINGISHÚSINU

Miðvikudaginn 30. apríl síðastliðinn hittust heyrnarlausir og stuðningsmenn þeirra fyrir framan Alþingishúsið til mótmælastöðu. Tilgangurinn var að afhenda Davíð Oddssyni forsætisráðherra áskorun frá Félagi heyrnarlausra. Nokkrar mínútur í tólf voru um 40 manns samankomnir fyrir utan Alþingishúsið og biðu eftir að forsætisráðherran mætti. Um kl. 12.10 renndi forsætisráðherrabílnum á hlað. Nú tók alvaran við, ekki yrði aftur snúið. Berglind Stefánsdóttir formaður FH tók á móti forsætisráðherranum á tröppunum og um leið og hún byrjaði að lesa upp áskorunina byrjaði að rigna sem varð enn meiri eftir því sem áskorunin varð harðari. En forsætisráðherran var víst eitthvað annars hugar og leit yfir hópinn sem þarna horfði hugfanginn á hann og Berglindi þarna á tröppunum. Davíð stöðvaði Berglindi og

gaf með einfaldri handahreyfingu til að kynna að fólkidætti að fylgja sér og koma inn í Alþingishúsið. Manni hlýnaði um hjartarætur þegar maður sté inn í Alþingishúsið, svo fallegt hús og tilfinningin að vera tekin inn úr kuldalanum, inn í ylinn og hlýjuna fyllti manna von um að nú væru sennilega betri tímar í nánd. Þarna var maður kominn inn á teppið. Fólkið gekk í halarófu upp stigann beint inn í þingsalinn. Davíð forsætisráðherra sagði öllum að setjast niður í þingsætin. Maður gat nú ekki gert annað en að hlýða þessum manni sem er næstæðsti maður þjóðarinnar. Þegar maður leit yfir salinn blasti við manni sjón sem maður myndi aðeins sjá einu sinni á ævinni. Þingsalurinn var fullur af heyrnarlausum sitjandi í þingsætunum með börn og þar mátti líka sjá barnavagn á miðju salarins. Slíkt hafði aldrei gerst í sögu

Íslenskt táknmál er okkar mál



Ritstjóra PISTILL

DÖFFBLAÐID kemur nú út, ferskt og fint. Síðasta DÖFFBLAÐ kom út hefur svo margt skeð. Við afhentum Davíð Oddssyni forsætisráðherra áskorun og kvíkmyndin Djöflaeyjan var textuð. Þetta tvennt er kannski ekki mikið á heyrandi mælkvarða, en atburðir eins og svona lyfta sjálfsmýnd heyrnarlausra upp. Manni finnst maður vera verðugur og þess virði til að lifa og vinna fyrir. Það er hrós ef tekið er mark á okkur og okkar málefnum. Stundum rekur maður sig á veggi, en einmitt þá má ekki gefast upp. Veggirnir eru einmitt til þess að fylla mann eldmóði fyrir næstu atlögu og læra meira af reynslunni. Þegar maður hefur lært að gera betur núna en síðast og finnur árangur af verki sínu, líður manni vel. Einmitt svona er tilfinning heyrnarlausra/heyrnarskertra og daufblindra núna. Ég held mér sé óhætt að segja að við gerðum vel í því að afhenda Davíð Oddssyni forsætisráðherra áskorun okkar til að tryggja rétt okkar til túlkaþjónustu og til að fá táknmál okkar viðurkennt af stjórnvöldum sem móðurmál okkar. Þetta sýnir að okkur þykir vænt um táknmálið, það er okkar aðaltjáningarmiðill. Tjáning er öllum dýrmæt og hana má aldrei skerða. Ritstjórapistlar eiga ekki að vera langir og ætla ég að leyfa ykkur lesendum DÖFFBLAÐSINS að halda áfram við lestur blaðsns. Ég er viss um að þið finnið öll efni við ykkar hæfi og heldur ykkur hugföngum við lestur DÖFFBLAÐSINS um allt það sem er að gerast í samfélagi heyrnarlausra nú á tínum og framundan.

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir
ritstjóri DÖFFBLAÐSINS

Alþingishússins, svo vitað sé. Maður fylltist jafnvel stolti að vera vitni að þessum atburði og ekki skemmdi fyrir að vera líka þáttakandi. En snúum okkur nú að alvöru málsins. Eins og fyrr segir var tilgangur mótmælastöðunnar að afhenda Davíð Oddssyni áskorun frá Félagi heyrnarlausra.

Berglind Stefánsdóttir formaður FH var í ræðustólnum fræga sem við sjáum svo oft í sjónvarpinu. Þarna fór hún að öðru sinni yfir áskorun FH. Davíð hlustaði af athygli áskorunina sem var í stuttu máli sagt að túlkaþjónustumál heyrnarlausra séu í miklu ólestri og heyrnarlausir hafa búið við bráðabirgðalausnir frá þeim tíma sem túlkar komu fyrst á sjónarsviðið fyrir um áratug. Hún minnti Davíð einnig á að í Stjórnarskrá Íslands sé kveðið á að engum manni megi mismuna og að heyrnarlausir telji sér vera stórlega mismunað að fá ekki túlkaþjónustu til að geta komið upplýsingum frá sér, fengið upplýsingar og haft áhrif á gang sinna mála við samfélagið. Tjáningarfrelsi má aldrei skerða, um það er líka kveðið á í Stjórnarskrá Íslands. Að lokum fór hún yfir árskorunina sem var í stuttu og markvissu máli „Félag heyrnarlausra skorar hér með á ríkistjórn Íslands að tryggja rétt heyrnarlausra/heyrnarskertra og daufblindra til túlkaþjónustu í lögum hið snarasta og viðurkenna íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra“. Eftir ræðu sína afhenti hún forsætisráðherranum áskorunina. Davíð tók vel á móti henni og sagðist ætla að taka þetta málefni upp á næsta fundi ríkisstjórarinnar og veita þessu máli þá afgreiðslu sem það á skilið. Að lokum hélt hann örlitla ræðu um Alþingishúsið og starfsemi þess. Hópurinn sem sat nú í þingsalnum stóð upp og hélt út, þegar út var komið var rigningin hætt og sólin skein skært, rétt eins og bros í gegnum tárin.

Umfjöllun um áskorunina á ríkisstjórnarfundi

Eins og Davíð Oddson hafði lofað talaði hann um áskorunina á ríkisstjórnarfundi viku eftir að honum var afhent áskorun FH. Niðurstaðan var sú að ríkisstjórnin veitir 2 miljónum til túlkaþjónustu þetta árið. Félagsmálaráðuneytið mun ganga formlega frá málínu við SHH. Á fundinum var einnig ákveðið að nefndin sem forsætisráðherra skipaði að fara yfir málefni fatlaðra sérstaklega málefni heyrnarlausra í haust yrði að hefja störf sem fyrst og markvisst að því að finna varanlega lausn á málefnum heyrnarlausra og að ákvarða hver lausn verður á túlkaþjónustumálum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra verður í framtíðinni. Í þessari nefnd sitja þingmenn. Það er mjög gott að ríkisstjórnin veitti þessu máli skjóta og jákvæða afgreiðslu og má segja að túlkun sé þá í höfn þetta árið, aðeins er um bráðabirgðalausn að ræða. Nú verður nefndin að vinna markvisst að skapa lausn fyrir næsta árið og svo um alla framtíð. Við heyrnarlausir verðum að vera dugleg að miðla þekkingu okkar á málefnum okkar til nefndarinnar svo við fáum það sem okkur finnst við eiga að fá.

SMS



Matreiðslu**HORNID**

Kristjana Mjöll Sigurðardóttir ráðgjafi hjá Félagi heyrnarlausra kemur nú að þessu sinni með mataruppskrift fyrir matgæðingana að prufa. Kristjana töfrar fram skelfiskrétt sem er tilvalin til þess að snæða úti í góða veðrinu sem við íslendingar fáum vonandi í sumar. Kristjana Mjöll skorar á Jóhönnu Ásdísi Þorvaldsdóttur deildarstjóra túlkaþjónustu SHH að koma með uppskrift í næsta blað.

SKELFISKRÉTTUR (uppskrift fyrir 4)

750-1000 gr skelfiskur (rækjur, hörpuskel og humar)

einn laukur

3 hvítlauksrif

2 græn epli

paprika

(t.d. 1/2 rauð og 1/2 græn)

sveppir

einn peli rjómi

2-3 msk sherry

aromat

hvítlaukskrydd með grænmeti

(frá McCormick með grænum

tappa, Herb and Garcly heitir það)

rjómaostur



AÐFERÐ

1. skera lauk og merja hvítlauk og brúna á þönnu
2. skera epli, papriku og sveppi og setja á þönnuna
3. setja skelfiskinn á þönnuna ásamt kryddinu og láta malla við vægan hita í ca. 2 mín.
4. setja rjóma, rjómaost og sherry út í skelfiskréttinn og láta malla í örfáar míni. Haegt er að þykkja sósuna með maisenamjöli ef vill.

Gott er að borða þennan rétt með hrísgrjónum, salati og jafnvel hvítlausbrauði og drekka ískalt SANTA RITA hvítvín frá Chile með. Verði ykkur að góðu.

Auglýsing frá ritstjóra

**Síðasti skiladagur á efni í
DÖFFBLAÐIÐ í júní er
10. júní 1997.**

SMS



Brandara**HORNID**

Ritstjóri skoraði á Gunnar Salvarsson fyrrum skólastjóra í Vesturhlíðarskólanum og nú fréttamann hjá Ríkissjónvarpinu að koma með brandara í þessu tölublaði DÖFFBLAÐSINS. Gunnari var ljúft að verða við áskorun ritstjórans og sendi hvorki meira né minna en þrjá brandara. Gunnar skorar á Guðmund Ingason að koma með brandara í næsta DÖFFBLAÐ.

Gunnar segir að þeir sem hafi kennit í Vesturhlíðarskólanum þekki vel það vandamál sem við er að glíma þegar þörf er á að skamma nemendur. Þeir geta einfaldlega lokað augunum, litið undan, og skammirnar hitta því ekki í mark. Heyrnarlaus pör geta gripið til róttækari aðgerða eins og frásögnin í fyrsta brandaranum sannar.

* Tveir drykkfellomdir döffarar hittust skelþunnir eftir gleðskap kvöldið áður. „Hvað sagði konan þín eiginlega þegar þú skreiðst heim í nótt?“ spurði annar þeirra. „Hún var alveg óð“ svaraði hinn og stundi. „Og hvað gerðir þú?“ „Ég slökkti ljósið“

* Heyrandi bankaræningi ákveður að grafa peningana í garðinum hjá sér. Nágranni hans, döffari, sér hvar hann grefur peningana og laumast út í garðinn um nóttina og fer með peningana uppí tré í eigin garði. Næsta morgunn kemst bankaræninginn að því að peningarnir eru horfnir. Einhver hvíslar að því að honum að döffarinn, granni hans, viti hvað varð um féð. Bankaræninginn ræður túlk til þess að ná peningunum af döffaranum. Þeir fara heim til hans og bankaræninginn krefst þess að peningunum verði skilað. Döffarinn segist ekki vita um hvað maðurinn sé að tala. Þá hótar bankaræninginn að drepa hann. Döffarinn ákveður því að segja hvar peningana sé að finna. Túlkurinn segir við bankaræningjann að hann verði að standa við hótunina því döffarinn segi að hann muni fyrr láta lífið en kjafta frá.

* *Loks er hér einn sígildur döffbrandari sem er til í ýmsum útgáfum.*


Þrír döffarar voru í lestarferð. Einn þeirra var Rússi. Annar var Kúbverji. Þriðji var Bandaríkjamaður.

Rússinn stytta sér stundir með því að súpa af vodkaflösku. Þegar flaskan var orðin hálf henti Rússinn flöskunni út um gluggann. Bandaríkjamaðurinn spurði forviða af hverju hann henti dýrum vodka. Rússinn svaraði: Það er til nóg vodka heima.

Kúbverjinn stytta sér stundir með því að reykja vindill. Þegar helmingur af vindlinum var reyktur kastaði Kúbverjinn stubbnum út um gluggann. Bandaríkjamaðurinn spurði forviða af hverju hann henti dýrum vindli. Kúbverjinn svaraði: Það er nóg til af vindlum heima.

Bandaríkjamaðurinn var orðin sárvangur. Hann kallaði á þjón og bað um samloku. Þegar þjóninn kom með samlokuna greip Bandaríkjamaðurinn þjóninn og henti honum út um lestargluggann. Rússinn og Kúbverjinn urðu forviða og táknuði í skelfingu til Bandaríkjamannsins hvers vegna í ósköpum hann hefði kastað þjóninum út um gluggann. Bandaríkjamaðurinn svaraði: Það er nóg til af heyrandi þjónum heima.

DJÖFLAEYJAN TEXTUÐ



Friðrik Þór Friðriksson
leikstjóri og framleiðandi
Djöflaeyjunar

Nú snemma í maí mánuði bárust þau gleðitiðindi að íslenska kvíkmyndin Djöflaeyjan yrði sýnd með íslenskum texta í Háskólabíói dagana 6., 7. og 8. maí. Djöflaeyjan er leikstýrð og framleidd af hinum snjalla kvíkmyndagerðarmanni Friðriki Þór Friðrikssyni. Höfundur sögunnar á bakvið kvíkmyndina er Einar Kárason. Ég, ritstjóri DÖFF-BLAÐSINS, beið ekki boðanna og dreif ég mig í bíó strax í fyrsta sýningardegi. Á leiðinni í bíó rifjaði ég upp söguna „Þegar djöflaeyjan rís“ sem ég las fyrir meira en 15 árum í skóla, en út frá þeirri sögu er sagan einmitt kvíkmynduð og persónur í bröggunum á Thulekampi komu mér ljóslifandi fram í hugskotinu, til dæmis Karólína spákona en hún er öllum sérstakur karakter sem um hana hafa lesið og Baddi aðalsöguhetjan var þarna á sínum stað með sína flösku og ýmis vandamál sem fylgdu henni. Kvíkmyndin Djöflaeyjan sveik mig ekkert frekar en við lestur sögunnar. Í heilan bíótíma horfði ég hugfangin á myndina og textann, ekkert komst að, vissulega komu fyrir stundir þar sem ég missti af textanum og skoðaði grannt baksíð og leikmuni í myndinni. En það er öllum heyrnarllausum eðlislægt nú í dag að nota „giska“ aðferðina þegar þeir horfa á íslenskar myndir ótextaðar. Þá horfa þeir á leikmuni, baksíðið, hreyfingar og svipbrigði leikara og „giska“ á hvað sé að gerast og búa þannig nokkurn veginn til sína eigin sögu. Núna var myndin textuð og maður er ekki vanur því að horfa á íslenska mynd textaða, þannig að maður gleymdi sér stundum og létt hugann reika, slíkt er mjög eðlilegt eftir að hafa aldrei kynnt öðru. Hér var sko um meiriháttar breytingu á högum manns að ræða og það til batnaðar.

Ég ætla ekki að setja sjálfa mig í stól gagnrýnandans, það er verk fagmanna og hafa þeir allir lofað Djöflaeyjuna í hástert bæði söguna og kvíkmyndunina sjálfa. En eitt get ég sagt að Friðrik Þór Friðriksson framleiðandi og leikstjóri Djöflaeyjunar á skilið eitt mesta hrós fyrir það að vera fyrstur að setja texta í íslenska mynd í bíó. Vonandi fylgja aðrir kvíkmyndaframleiðendur íslenkra bíómynda í kjölfarið og þá verður sko gaman að fara í bíó og fá að kynnast íslenskri menningu, sögu og þjódlífi.


Þó um sé mjög rúman sýningartíma sé að ræða er þetta komið eins og pínulítíð ljós í myrkrinu sem verður vonandi sífellt stærra þegar tímar líða og eftir það ættu allar íslenskar kvíkmyndir að vera sýndar með íslenskum texta meðfram almennri sýningu. Þannig ná heyrnarlausir og heyrnarskertir

sömu stemmningu og aðrir þegar myndina berst í tal á vinnustað, skóla, heima hjá fjölskyldunni og hvervetna sem umræða um kvíkmyndina að berast í tal.

Einhversstaðar segir að „ljósið kemur langt og mjótt“ það má því þá vel segja að textun á íslenskar kvíkmyndir geti orðið að veruleika innan nokkar ára. Það er míni von og örugglega líka 10 % þjóðarinnar sem þjáist af ýmis konar heyrnarskerðingu. Lokaorð míni eru áfram textun... á íslenskar kvíkmyndir.

Móttökuaðhöfn vegna textunar á Djöflaeyjunni

Miðvikudagskvöldið 7. maí eftir aðra bíosýninguna var haldið smáhóf í sal Háskólabíós og komu í heimsókn Sveinn Geirsson sem leikur Danna, Halldóra Geirharðsdóttir sem leikur Dollý og aðstoðarleikstjórninn María Sigurðardóttir. Berglind Stefánsdóttir var stödd í hófinu og færði aðstandendum kvíkmyndarinnar blóm og þakkaði þeim Kristjónu Mjöll Sigurðardóttir ráðgjafa hjá Félagi heyrnarlausra og Guðbjörnu Ingólfssdóttur fyrir óeigingjarnt starf að hafa safnað 250.000,- sem kostaði að texta kvíkmyndina. Gestir á sýningunni áttu þarna skemmtilega stund með leikurum kvíkmyndarinnar og öðrum góðum gestum.



DJÖFLAEYJAN: Leikstjóri: FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON

Aðalhlutverk: BALTASAR KORMÁKUR, GÍSLI HALLDÓRSSON og SIGURVEIG JÓNSDÓTTIR Íslenska kvíkmyndasamsteypan í samvinnu við PETER ROMMEL FILM PRODUKTION, BERLIN, FILMHUSET,

OSLÓ OG ZDF/arte kynnir kvíkmynd eftir FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON Framleiðendur: FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON, PETER ROMMEL, EGIL ÖDEGÁRD Framleiðslustjóri: ARI KRISTINSSON Handrit: EINAR KÁRASON Stjórn kvíkmyndatöku: ARI KRISTINSSON Framkvæmdastjóri: INGA BJÖRK SÓLNES Klipping: STEINGRÍMUR KARLSSON, SKULE ERIKSEN Leikmynd: ÁRNI PALL JÓHANNSSON Búningar: KARL APSELUND Tónlist: HILMAR ÖRN HILMARSSON Umsjón og framleiðsla á daegurlögum: BJÖRGVIN HALLDÓRSSON Hljóðhunnun: KJARTAN KJARTANSSON Aðrir leikendur: HALLDÓRA GEIRHARDSDÓTTIR, SVEINN GEIRSSON, GUÐMUNDUR ÓLAFSSON, INGVAR E. SIGURÐSSON, MAGNÚS ÓLAFSSON,

PÁLÍNA JÓNSDÓTTIR, SAGA JÓNSDÓTTIR, ARNLJÓTUR SIGURÐSSON, ÓSKAR JÓNASSON, ÆVAR ÖRN JÓSEPPSSON, HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR, MARGRÉT ÁKADÓTTIR, SIGURÐUR SIGURJÓNSSON, GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR, ÁRNI TRYGGVASON, BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

Áttum ánægjulega stund í bíó.

Ritstjóri hitti hjónin Trausta Jóhannesson og Steinunni Lovísu Þorvaldsdóttur að máli og spurði hvort þau hefðu farið í bíó á Djöflaeyjuna textaða og hvernig þeim hafi fundist það vera að sjá textaða íslenska kvíkmynd. Þau kváðu svo vera og átt þar ánægjulega stund. Þeim fannst þetta framtak vera mjög gott, allt svo nýtt fyrir þeim miðað við að maður sé vanur að horfa á erlendar myndir textaðar, heldur óvenjuleg tilfinning að horfa á kvíkmynd í íslensku umhverfi textaða. Þau myndu hiklaust fara aftur í bíó að horfa á íslenska kvíkmynd svo framarlega sem hún væri textuð.



Næsta íslenska kvíkmynd verði textuð og sýnd meðfram aðalsýningu frá upphafi...

Það er krafa Unnar Dóru Norðfjörð og sennilega margra annara að framvegis verði allar íslenskar kvíkmyndir sýndar með texta strax í upphafi sýningarskeiðs þeirra. Henni fannst mjög gaman og óvenjulegt að sá íslenska mynd textaða. Satt best að segja kom það henni á óvart að mikið væri blótað í myndinni og ekki vissi hún að svo mikið væri blótað í íslenskri menningu. Henni fannst líka gaman að rifja upp braggatímann í höfuðborginni og minnst þá á einn heyrnarlausán vin hennar sem bjó í bragga við Suðurlandsbraut fyrir um 20 árum síðan.



Unnar Dóra



Steinunn og Trausti



Textun á íslenskar kvíkmyndir framtíðarverkefni

Ritstjóri hafði samband við Íslensku kvíkmyndasamsteypuna sem er framleiðandi að Djöflaeyjunni. Áætlunin var að ná tali af Friðriki Þór Friðrikssyni en hann var ekki við svo Kristinn Arason var til viðtals þar og sagði aðspurður að þetta hefði verið ansi góð hugmynd að hafa texta á íslenskar kvíkmyndir og að þau hjá fyrirtækinu hefði oft heyrт óskir frá heyrnarlausum og öldruðum sem hafa misst heyrn af ellihrumleika um textun á íslenskar kvíkmyndir. Þetta er mikið framfararspor og þau hjá Íslensku kvíkmyndasamsteypunni glöð og ánægð með sýningarnar sem voru vel sóttar.

En hvað með vilja allra heyrnarlausra að fá sýningu með texta sem sýndar yrðu í minni sal á meðan aðalsýning væri?

Það er ekki raunhæft. En það er hægt að gera betur en svo, til dæmis er á leiðinni til landsins tæknibúnaður sem á að vera til staðar í bíohúsum. Þessi búnaður gerir það fyrir verkum að það er hægt að setja texta á mynd með lítilli fyrirhöfn og taka hann af með jafnlítilli fyrirhöfn. Þetta yrði notað þannig að þegar þú ferði í bíó á íslenska mynd þá segir þú miðasölunni að þú viljir fá texta á myndina. Myndin er svo sýnd eftir þinni ósk með texta, eða til dæmis hægt að

hafa það einfaldara hafa bara ákveðinn sýningartíma með texta td. kl. 19.00. Hinár sýningar yrðu þá ótextaðar. Með þessari aðferð er textinn ekki í „print“ og fastur á filmunni. Þetta er næstum álíka tækjabúnaður og er í sjónvarpi en bara gerður fyrir bíohús. Þegar þessi búnaður er komin til landsins á ekkert að vera í fyrirstöðu að setja texta á íslenskar kvíkmyndir.

SMS



HINDRA LÖG SHH AÐ HEYRNARLAUSIR NJÓTI FULLKOMINNAR TÚLKAPJÓNUSTU?

Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er nú hér í þættinum „Í návigi“. Málefni SHH hafa verið mikið í fjölmöldum undanfarið sérstaklega vegna túlkapjónustumálsins. Valgerði eða Völu eins og hún er kölluð dags daglega var bæði ljúft og skylt að svara nokkrum spurningum ritstjóra um málefni SHH.

SP.: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur starfað óslitið síðan 1991, hver hefur helsta þróunin verið á starfsemi SHH?

Mikil þróun hefur orðið síðan SHH tók til starfa. Á hennar vegum starfa nú nokkrir mjög reyndir táknmálskennarar og táknmálsnámskeiðin eru orðin 10 sem boðin eru reglulega fyrir almenning. Fjölskyldur heyrnarlausra og heyrnarskertra barna geta fengið þjónustu frá SHH eins og námskeið í táknmáli, ráðgjöf t.d. um samskipti og samskiptaleiðir við heyrnarlaus/heyrnarskert börn, fræðslu um málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra, tengsl við fullorðið heyrnarlaust eða heyrnarskert fólk og fengið lánað fræðsluefni t.d. á myndböndum. Við eignum orðið mikið safn táknmáls á myndböndum sem notað er til rannsókna og kennslu. Samvinna við Háskóla Íslands um nám í táknmálsfræði og túlkun hefur verið stór þáttur í starfsemi SHH undanfarin þrjú ár og fyrstu túlkarnir útskrifast nú í haust. Þá hefur túlkapjónusta stóraukist. Þegar SHH var stofnað var túlkapjónustan einskorðuð við túlkun í skólum vegna framhaldsdeildar Heyrnleysingjaskólans en nú hafa heyrnarlausir aðgang að túlki til margs konar samskipta við samfélag heyrandi fólks. Sífellt meiri eftirspurn er eftir þjónustu SHH. Sérstaklega þjónustu við fjölskyldur heyrnarlausra og heyrnarskertra og túlkapjónustu. Einnig hefur SHH líka sinnt þjónustu við fullorðið heyrnarskert fólk eða fólk sem missir heyrn á fullorðinsaldri.

SP.: Hver eru meginverkefni SHH nú í dag og hvað starfa margir hjá SHH?

Dagleg viðvangsefni SHH eru vinna að rannsóknum á táknmáli, gerð námsefnis, kennslu, þróun kennsluaðferða, ráðgjöf og söfnun þekkingar. Þar er líka bókasafn með fræðsluefni um táknmál og samfélag heyrnarlausra í ritmáli og á myndböndm. Auk þess rekur SHH túlkapjónustu fyrir



Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður SHH

heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda. Hjá SHH starfa tíu fastráðir starfsmenn s.s. forstöðumaður, skrifstofustjóri, deildarstjóri túlkapjónustu, 2 deildarsérfræðingar og fimm túlkar. Í lausamennsku starfa að auki innan SHH sex táknmálskennarar, sex túlkar og tæknimaður á sviði myndbandsvinnslu. Auk þess stendur SHH að námi táknmálstúlka við Háskóla Íslands en í því verkefni starfa fjórir kennarar.

SP.: Túlkapjónustan hefur átt erfitt uppdráttar undanfarið, sérstaklega þegar talað er um fjármagn frá félagsmálaráðuneytinu, hver er aðalorsök þessa máls og hver væri sú farsælasta lausn á þessu máli að þínu mati?

Nýverið ákvað ríkisstjórnin að veita 2 miljónum króna til túlkapjónustu á þessu ári. Félagsmálaráðuneytið mun afgreiða féð til þjónustunnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þetta er lausn til bráðabirgða fyrir þetta ár. Nefnd sem skipuð er af ríkisstjórninni hefur það verkefni m.a. að ákvarða hvaða varanleg lausn verði notuð varðandi túlkapjónustu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda. Ég er mjög sátt við það og vona að sú vinna taki ekki langan tíma. Það er mikilvægt að ákvörðun um þessi mál verði tekin á öðru stigi en við höfum verið að vinna á áður. Það hafa starfað tvær

nefndir um þetta mál áður og unnið mikið en ég held að vinna þeirra hafi svo sem ekki skilað miklu. Þessi mál þarf að skoða í miklu stærra samhengi og taka ákvörðun um hvar eðlilegt er að málefni eigi heima. Allavega er ljóst að málefni heyrnarlausra hafa náð eyrum ríkisstjórnarinnar og það er góð byrjun. Áður hefur vandinn verið að rödd heyrnarlausra hefur ekki náð til ráðamanna. Heyrnarlausir verða að láta í sér heyra, taka ábyrgð á eigin lífskjörum og hafa áhrif á hvernig þau verða. Enginn veit betur en heyrnarlausir sjálfir hvernig best er að vinna í þeirra þágu.

SP.: Það hefur oft verið ýað að því að lög SHH þarfnið endurskoðunar vegna þess að SHH heyrir undir menntamálaráðuneyti lögum samkvæmt og hefur þess vegna ekki fengist fé frá félagsmálaráðuneytinu sem til hefur þurft að veita fullkomna túlkaþjónustu, hvert er þitt mat á þessu máli?

Þegar SHH tók til starfa var enginn vettvangur þar sem unnið var að málefnum heyrnarlausra á grundvelli táknmáls. Ekkert námsefni var til, engir menntaðir táknmálskennrarar, engin túlkaþjónusta, engir menntaðir túlkar, engin vitneskja um íslenska táknmálið sem mál. Það var rétt ákvörðun að láta þessa hluti verða til með stuðning hver af öðrum og í skjóli hvers annars. Þjónustan og verkefnin voru ef til vill ólik og þróunin hefur orðið sú að verkefni SHH spanna afar breytt svið. Þetta hefur verið afar jákvætt finnst mér og það til góðs. Mörg verkefni sem við sinnum ættu eðli sínu samkvæmt þó sennilega að heyra undir félagsmálaráðuneytið, en mér finnst ekki ætti að vera óyfirstíganlegt að gera þjónustusamning við ráðuneytið. Það má líka bæta því við að eftirspurn og þörf eftir þjónustu SHH sem ekki er tekið gjald af eykst stöðugt. Leiðir SHH til þess að mæta þessari eftirspurn eru takmarkaðar. Helsta ástæða þess er að táknmál hefur ekki enn verið opinberlega viðurkennt og þar af leiðandi ekki heldur sú samfélagslega þjónusta sem heyrnarlausir og heyrnarskertir þurfa á að halda. Lykilatriðið til þess að skilningur skapist á málefnum heyrnarlausra er að yfirvöld og almenningur hafi aðgang að réttum upplýsingum.

SP.: Hversu almenn er túlkanotkun heyrnarlausra sem leita til túlkaþjónustu SHH í tölu talið?

Nýlega tókum við saman upplýsingar um túlkanotkun á árinu 1996. Niðurstöðurnar úr samantekt á almennri túlkun (þ.e. ekki í skólum) voru á þá leið að samtals var túlkað í 2.122,5 stundir, en 3.349 stundir voru pantaðar. Okkur tókst því að veita þjónustu í 2/3 hluta tilvika. Það er gaman að skoða þessar tölur og í ljós kom að alls voru það 80 heyrnarlausir einstaklingar sem þöntu túlkun, en aðeins 75 fengu túlkun. Í fyrra voru fullgildir félagsmenn í Félagi heyrnarlausra á aldrinum 17-95 ára alls 141, þannig að gróflega má segja að um helmingur þeirra hafa fengið túlkun. Einnig var túlkað fyrir félög og hópa.

Athyglisverðustu niðurstöðurnar voru þær að nærri allir sem voru á aldrinum 17-25 ára og 80% af þeim sem voru á 26-35 ára þöntu túlk. Rétt innan við helmingur þeirra sem voru á aldrinum 36-55 ára nýttu sér túlkaþjónustuna, en þeir sem voru eldri en 55 ára nýttu sér hana í mjög litlum mæli.

SP.: SHH hefur í samvinnu við Háskóla Íslands séð um að mennta túlkaþjónustu undanfarin 3 ár og nú í haust útskrifast 6 nýir túlkar, munu þessir nýju túlkar vera öruggir um að fá vinnu við túlkun þar sem engin lög eru til sem tryggja heyrnarlausum túlkaþjónustu?

Næsta haust útskrifast sex nýir túlkar. Við höfum örugglega nóg af verkefnum fyrir þessa túlka. Það lítur út fyrir að aðeins einn komi í fullt starf hjá SHH. Þannig að samkvæmt því mættum við mennta margar hópa til viðbótar. Ég er líka viss um að heyrnarlausir hérlandis nota ekki túlka eins mikið og gert er í nágrannalöndum okkar. Túlkar eru mest notaðir af fólk sem er 25-35 ára sem hefur vanist því að nota túlka í skólum. Eldri hópurinn er enn ekki farinn að nota mikið túlka en það breytist vonandi þegar framboðið verður meira. Það er afar mikilvægt fyrir heyrnarlaust fólk að hafa aðgang að túlki til þess að heyrnarlausir geti sjálfir ráðið yfir lífi sínu.

SP.: Hver eru framtíðarverkefni SHH núna?

Auk þeirra verkefna sem við vinnum að í dag, viljum við efla rannsóknir og gerð námsefnis fyrir heyrnarlausa sérstaklega í tungumálum. Einnig viljum við styrkja til muna þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta og fjölskyldur þeirra. Fjölda námskeiðum í táknmáli og námskeiðum fyrir heyrnarlausa og auka kynningu á starfsemi SHH og efla fræðslu-og ráðgjafastarfið.

SMS

KANDÍDATAR Í STJÓRNARKJÖRI

Aðalfundur Félags heyrnarlausra verður haldin sennilega um miðjan júní. Félagsmenn fá aðalfundarboðun senda í pósti 2 vikum fyrir aðalfund eins og lög gera ráð fyrir. Kosið er til stjórnar á tveggja ára fresti og er nú komið að því þetta árið. Ritsjóri hafði fregnir af nokkrum sem ætla að bjóða sig fram til stjórnarkjörs og lagði fyrir þá alla tvær spurningar.

Júlia Guðný Hreinsdóttir

Júlia sækist eftir kjöri í stjórn FH á aðalfund FH um miðjan júní. Júlia hefur áður verið í stjórn FH árin 1991-93, hætt vegna farar til náms í Bandaríkjunum. Hún starfar sem táknmálskennari hjá SHH og í Háskóla Íslands.



Júlia Guðný Hreinsdóttir með Söndru frænku sína.

Hver verða helstu baráttumál þín ef þú næroð kjöri í stjórn FH?

Mitt helsta baráttumál verður að vinna við að fá táknmálið viðurkennt af stjórvöldum sem móðurmál heyrnarlausra. Textun á íslenskt efni í sjónvarpi eiga líka hug minn. Ég vil líka koma heyrnarlausum á sama plan og heyrandi, þá á ég við að til dæmis þegar heyrnarlausir kaupa vekjeraklukku þurfa þeir að borga þrisvar sinnum herra verð er venjuleg vekjeraklukka kostar. Þessi kostnaður er einn af mörgum óréttlátum kostnaði sem heyrnarlausir verða að borga.

Af hverju hefur þú áhuga á að vinna í stjórnarstarfi FH?

Já, ég finn fyrir ábyrgð. Það er ekki nóg að vera bara félagsmaður og horfa á allt gerast, mér finnst ég sé skyldug að taka þátt í stjórnarstarfi og koma á meiri upplýsingastreymi milli félagsmanna og stjórnar FH.

Haukur Vilhjálmsson

Haukur gefur einnig kost á sér til stjórnarsetu í FH. Hann var formaður FH á árunum 1987-91. Hefur auk þess setið í mörgum nefndum á vegum FH. Hann starfar nú sem táknmálskennari við SHH



Haukur Vilhjálmsson

Hver verða helstu baráttumál þín ef þú næroð kjöri í stjórn FH?

Aðalbaráttumál mitt verður að heyrnarlausir búi í hindrunarlausu samfélagi, til að það geti orðið verður að vinna markvisst að viðurkenningu táknmálsins, textun á íslenskt sjónvarpsefni og að tryggja heyrnarlausum fullt aðgengi að samfélaginu.

Af hverju hefur þú áhuga á að vinna í stjórnarstarfi FH?

Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á málefnum heyrnarlausra, ég er viss um að ég gæti framkvæmt mörg af markmiðum mínum með stjórnarsetu í FH. Markmiðin eru mörg, aðalmálið er að sinna vel hagsmunagæslu og vinna markvisst í baráttumálunum. Einnig vil ég koma á góðu samstarfi og upplýsingarmiðlun milli stjórnar FH og félagsmanna.



Pólsk matargerð:
Tadeusz Jón Baran og
Marek Bjarki
Wolanczyk hjálpast að
að búa til pólskan mat



Maria I. Dali
frá Føreyjum
fær sér
pólskan mat.

ALPJÓÐLEG MATARGERÐ Í FH

Í veturn hefur verið boðið upp á einusinni í mánuði nokkurskonar alþjóðleg matargerð í félagsheimili FH. Þetta er gert til þess að kynna matargerð viðkomandi lands. Fegin hafa verið félagsmenn sem hafa búið erlendis eða eru fæddir erlendis til að búa til mat sem er almennur í landi viðkomand. Matargerðarkvöld þessi hafa verið vinsæl og vel sótt enda finnsta mörgum gaman að smakka mat annars lands. Í veturn hafa verið matargerðarkvöld td. frá Noregi, Japan, Pólland, Bandaríkjunum og Færøyjum svo eithvað sé nefnt. Fyrirhugað er að halda áfram með matargerðarkvöldin næsta veturn svo sennilega bíða margir spenntir eftir þeim. Þeir sem þekkja matargerð einhvers lands sem þeir hafa búið í eða eru fæddir í eru hér með beðnir að hafa samband við Önnu Jónu Lárusdóttur félagsmálafulltrúa hjá FH ef þeir hafa áhuga á að kynna matargerð næsta veturn.

SMS

Unnar Dóra Norðfjörð

Unnar Dóra Norðfjörð hefur aldrei komið nálægt stjórnarstarfi áður og langar nú að láta á sér kveða. Unnar Dóra er húsmóðir og nemi í Menntaskólanum við Hamrahlið.

Hver verða helstu baráttumál þín ef þú nærð kjöri í stjórn FH?

Þetta er alveg nýtt fyrir mig. Mig langar mest af öllu að kynnast öllu þessum baráttumálum í stjórninni og sjá hvernig best er að vinna í málefnum almennt, heyrnarlausum til góðs. Við eignum öll að berjast fyrir hagsmunum okkar sjálf, því við sjálf vitum best hvernig eigi að vinna í baráttumálum okkar.

Af hverju hefur þú áhuga á að vinna í stjórnarstarfi FH?

Það má segja að námið í MH hafi í raun ýtt mér við að komast inn í stjórn FH til að vinna í hagsmunamálum heyrnarlausra. Maður þroskast svo mikið við nám og fær meiri tíma til þess að hugsa um þessi mál, þannig má segja að áhuginn sé komin.

Rúnar Þórir Ingólfsson

Rúnar er menntaður kokkur, sá fyrsti úr samfélagi heyrnarlausra. Hann hefur aldrei áður komið nálægt stjórnarstörfum í FH, en gefur núna kost á sér.

Hver verða helstu baráttumál þín ef þú nærð kjöri í stjórn FH?

Aðalbaráttumál míni verða að gera meira fyrir félagsmenn, sérstaklega í atvinnu og félagsmálum. Til dæmis með atvinnumálin að fá fyrirtæki í landinu til að ráða fleiri en einn heyrnarlausán starfsmann í vinnu, þannig minnkari einangrun heyrnarlausra á vinnustað og þeim líður betur. Tæknimálin snerta mig líka, þá sérstaklega textasímagálum og þau mál þarf mikið að laga.

Af hverju hefur þú áhuga á að vinna í stjórnarstarfi FH?

Það er ekki bara áhugi, heldur líka viljinn til að framkvæma. Það þarf að fá meiri samheldni og samvinnu milli félagsmana sjálfra. Ég vona að ég fái stuðning félagsmanna á aðalfundinum og komist inn í stjórn.

ÓKEYPIS TÚLKAPJÓNUSTA

Nemar í taknmálstulkun eru með ókeypis túlkapjónustu í maí og júní sem hér segir:

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. |
|---------|---------|---------|---------|---------|
| 26. maí | 27. maí | 28. maí | 29. maí | 23. maí |
| 2. júní | 3. júní | 4. júní | 5. júní | |




Hægt verður að panta túlk við öll tækifæri. Nemarnir vinna tveir og tveir saman og stundum með leiðbeinanda. Þeir sem nota þessa þjónustu vita að það eru nemar sem túlka, en ekki útskrifaðir túlkar og þurfa að taka tillit til þess. Við vonum að sem flestir nýti sér þetta tækifæri svo við fáum sem mesta reynslu áður en við ljúkum námi.

Þessa þjónustu er hægt að panta í faxi 562-7714 merkt „Ókeypis túlkapjónusta“ eða í SHH við Háteigsveg í Reykjavík.

NEMAR Í TÁKNMÁLSTÚLKUN
VORIÐ 1997

Nemar í taknmálstulkun, standandi Gerður, sitjandi Geirlaug, Árný, Lilja og Sigrún Edda.

Pix og Písl



- PIX: Hæ, mikið er ég orðin þreyttur á því að vita ekkert hvað sé að gerast í heyrandi samfélagi.
- PÍSL: Nú, er eithvað spennandi að gerast þar?
- PIX: Það mætti nú ætla að svo sé, það gerist svo margt í stóra heyrandi samfélagini í sjónvarpinu.
- PÍSL: Já, þú meinar í fréttunum, þær eru hálftíma langar en táknumálsfréttir bara 9 mínútur, það hlýtur því að gerast meira hjá heyrandi en okkur í mínútum talið.
- PIX: Ekki get ég neitað því, en það er ekki aðalmálið sem ég er að meina. Táknumálsfréttir eru fínar og eiga skilið mesta hrós. Sko, sjáðu til dæmis, í sjónvarpinu eru sýndir svo margir hlutir sem gerast í íslensku samfélagi til dæmis má nefna skemmtipátt með Hemma Gunn sem hefur verið í allan veturn annan hvern laugardag. Í þeim þætti er þúlsinn tekin á skemmtana og menningarlíf landsins, svo er það þátturinn á miðvikudagskvöldum eftir 11 fréttir Viðskiptahornið heitir hann, en í honum eru einmitt nýjustu fréttir af gengi hlutabréfanna, ég hef kannski hagsmuna að gæta í hlutabréfum en get ekki fengið að fylgjst með þeim í sjónvarpinu eins og þorri þjóðarinnar. Ég verð að fara lengri leiðina t.d. í textavarpið en þar eru bara stuttar og hnitmiðaðar setningar sem gefa kannski minnstu upplýsingar, eða þá á viðskiptasíður dagblaðanna, en þar eru svip-áðar upplýsingar og í textavarpinu, loks verð ég notast við textasíðumáðstöð og tala um þetta í gegnum þrjá aðila eithvað gæti farið úrskeiðis á milli okkar þriggja og svo er kannski á tali og þannig að þá fara nokkara mínu

eða jafnvel peningar í súginn. Svo má kannski nefna þáttinn Markaregn á mánudagskvöldum en í honum eru allar helstu tippfréttirnar, sé horft á hann mætti vanda sig við að setja 1x2 á rétta staði og þannig fá vinning. Svo væri nú ekkert verra ef hægt væri nú að fylgjast með fréttunum á sama tíma og allt annað fólk í kringum mann, svona til þess að maður verði nú maður með mönnum að vita sem mest um málefni líðandi stundar. Skratti verður maður svekktur að þetta allt bara fari alveg framhjá manni.

PÍSL: Maður getur nú stundum verið svekktur. Maður fær ekki allt sem maður biður um.

PIX: Já, einmitt ... bað heyrandi fólkid um þessa þætti? Nei, það held ég nú ekki, ríkissjónvarpinu er skyld að sýna fólkum þætti um menningu og þjóðlíf land síns. Fólkid þurfti nú ekki einusinni að lyfta litla fingri. Ég er með hnefann á lofti, en uppsker ekkert. Það er í sjálfu sér mjög einfalt að setja texta á íslenskt sjónvarpsefni, þannig yrðu allir jafnir. Hugsaðu þér nú bara ef maður fengi nú nasasjón af öllu þessu bara í gegnum sjónvarpið það er nú sjónrænn miðill og við eigum einmitt að nota hann mest.

PÍSL: Góði besti, þetta kemur allt saman einhvern-tímann...

PIX: Já, það getur þú sagt, en hugsaðu þér bara allan tímann sem hefur farið til ónýtis. Maður hefur þurft að hafa svo mikið fyrir hlutunum. Svo er einmitt verið að segja að við lifum á upplýsingaold. Hvar eru upplýsingarnar???

PÍSL: Hmm ... já , en...

PENNAVINUR

DÖFFBLAÐINU hefur borist bréf frá Spáni þar sem Jose Antonio nokkur óskar eftir pennavinum, helst kvenfólk. Jose er heyrnarlaus ungr maður, fæddur 24. mars. Því miður láðist honum að geta ártalið. Honum langar að eignast pennavini helst konur á aldrinum 18-38 ára. Helst vill hann að mynd fylgi fyrsta bréfi og það þarf að vera á ensku.

Jæja, dömur, þá er bara að eftir að dusta rykið af pennanum og byrja að skrifa Jose bréf. Heimilisfangið er:

JOSE ANTONIO
APDO 33
34400 CORRALES
CANTABRIA
SPAIN

ÍSLENDINGAR FORMLEGRI EN BANDARÍKJAMENN

viðtal við Beverly Jo Cannon, túlkakennara við SHH og Háskóla Íslands

Beverly Jo Cannon er heyrandi, fædd í Bandaríkjunum nánar tiltekið Suður-Kaliforníu. Alin upp hjá heyrandi foreldrum og heyrnarlausum hundi. Clinton langafi hennar í föðurætt varð heyrnarlaus á fullorðinsárum, hann átti 12 systkini af þeim voru 5 heyrnarlaus, 4 urðu heyrnarlaus á fullorðins árum en Edward sá yngsti varð heyrnarlaus 18 mánaða gamall og er því alin upp með táknmál, Sallie elsta systirin varð heyrnarlaus 25 ára gömul. Bev er núna búin að skrifa bók um þessi tvö frændsystkin sín þau Sallie og Edward. Eins og sannur íslendingur spurði ritstjóri Bev um ætt hennar og kom þá margt fróðlegt í ljós. Bev er einn afkomandi, sá 9 í röðinni í ættartré Johns Putnams lögreglustjóra í Salem í Massachusetts árið 1660 og frægur fyrir að taka nornir af lífi á þessum slóðum og brenna þær í báli. Það var bróðurdóttir hans Ann Putnam þá 13 ára gömul sem kom þessum nornaveiðum af stað með vinkonum sínum á þessum tíma. Upp komst um allan þennan leik sem stelpurnar léku sér að, þegar Ann sagði frá þessu í kirkjunni þá 24 ára gömul og 23 saklausir höfðu verið brenndir í báli. Saklaus leikur barna hafði orðið að martröð. Gerðar hafa verið tvær kvíkmyndir um þennan sögulega atburð „Three pennies“ og „The Crucible“. Þeim sem langar til að fræðast meira um söguna er hér með bent á myndbandaleigur. Bev hefur undanfarin veturnar verið kennari við SHH og Háskóla Íslands í túlkanáminu. Auk þess hefur hún kennt heyrnarlausum ensku í Menntaskólanum við Hamrahlið.

Beverly er menntuð í talkennslu og málvísinum frá Occidental College með BA próf, en hún vann lítið sem ekkert við talkennslu og fór í Gallaudet University í Washington D.C. og útskrifaðist þaðan sem heyrnleysingakennari með MA próf. Síðan lá leið hennar til Hawaii og tók hún þaðan MA próf í kennslufræði fyrir fólk með ensku sem annað tungumál og hefur réttindi til að kenna útlendingum ensku í USA. En hugur hennar stefndi hærra og settist hún enn einu sinni á skólabekk í þetta sinnið í University of California í Los Angeles og tók þaðan Ph.D. próf í neuro-linguisitcs sem útleggst kannski í íslensku hvernig heilastöðvar móttaka tungumálið í hennar tilfelli táknmálið.

En hvernig stóð á því að jafnhámenntuð kona og Bev kæmi til Íslands?

Bev segir að í raun beri Júlia Hreinsdóttir táknmáskennari við SHH ábyrgð á því að hún sé hér. Júlia sjálf var nemandi við CSUN (California State University, Northridge) en þar var Bev kennari og kenndi Júliu í nokkur skipti þau tvö og hálftr ár sem Júlia var nemandi við skólanum. Til dæmis kenndi Bev Júliu ASL (amerískt táknmál),

táknmálssögu og málfræði táknmálsins og rökfræði táknmálsins. Auk þess var Júlia nokkurskonar aðstoðarkennari Bev í CSUN við túlkánám í skólanum en Bev kenndi hóp af túlkum þar líka. Þegar Júlia var aðstoðarkennari Bev urðu þær góðar vinkur en ekki eins og kennari/

nemandi. Júlia fræddi Bev margt um Ísland og bar þar oft í góma táknmálsfræðinámið í Háskóla Íslands sem þá var nýhafið svo og túlkanámið sem myndi koma síðar. Með þessum umræðum um námið á Íslandi varð það svo til þess að Bev kom til Íslands og tók að sér kennslu túlkanemana sem nú í haust útskrifast sem fyrstu túlkarnir frá Háskóla Íslands.



Beverly Jo Cannon á góðri stundu.

Hvernig finnst þér að kenna á Íslandi, er það örðvísni en í USA?

Skólakerfin á Íslandi og USA eru mjög ólík. Það er löng saga að segja frá því, en til að gera langa sögu stutta er skólakerfið á Íslandi meira formlegra en í USA. Hér á Íslandi er kennarinn efstur á blaði en nemendur undirmenn hans, þannig verður meiri aðskilnaður milli kennara og nemanda. Í USA samlagast hinsvegar kennari og kennari svo og kennari og nemendur meira og hafa meiri samvinnu, tala meira saman og eru meiri vinir.

Má þá kannski segja að skólakerfið á Íslandi sé betra en í USA?

Ég vil ekki meta skólakerfi ykkar gott eða slæmt en það er bara örðvísni er það eina sem ég get sagt er að þetta er bara svona og það virði ég. Ég meina þá að allir sem koma hingað verði víðsýnni og læri af örðrum, í þessu tilfelli af ykkur íslendingum.

Er menntun túlka hérlandis frábrugðin menntun túlka í U.S.A?

Já, við kennum túlkum hérlendis sömu grunnatriði og í USA. Hér á Íslandi er hinsvegar um mjög fáa nemendur að ræða en í USA sem er auðvitað mjög skiljanlegt sökum smæðar landsins.

Nú útskrifast bráðlega frá Háskóla Íslands 6 nýjir túlkar sem við heyrnarlausir á Íslandi munum hafa not af á næstu árum, hvert er þitt mat á hæfni þeirra og getu til að túlka, og telur þú að eitthvað sé ábótavant í túlkamenntun þeirra?

Allir túlkar þurfa alltaf að læra eitthvað nýtt og auka við túlkamenntun sína. Í USA er mjög strangt endurmenntunar-kerfi túlka (Registry of Interpreters for the Deaf). Túlkar í USA fá sérstakt RID-skírteini sem gefur þeim rétt til að vinna sína túlkavinnu svo framarlega sem þeir komi einu sinni á ári í endurmenntunarnám. Verði einhver brotalöm á endurmenntun er RID-skírteinið tekið af túlkinum og hann verður réttindalaus. Allir sem hafa lokið túlkanámi í háskóla fara í RID próf til að fá RID-skírteinið. RID er ekki í tengslum við neinn háskóla en metur túlka eftir hæfni og getu. Allir túlkar sem hafa RID skírteini eru skyldaðir að fara á RID endurmenntunarnámskeið einu sinni á ári. RID er þróað af stéttarfélagi túlka og er má segja nokkurs konar gæðaeftirlitskerfi túlkanna.

Hvernig eiga heyrnarlausir/heyrandi að nota túlk, geturðu gefið nokkur almenn ráð um túlkanotkun?

Í allri túlkamenntun hvar sem er, er ekki kennt þeim sem nota túlkana hvernig eigi að nota túlkana. Það verður að hafa námskeið eða nokkurskonar „workshop“ fyrir notendur túlkana og þar má fá líka fá upplýsingar frá notendum um hvernig þeim finnst best að nota túlk og hvernig þeir vilja hafa það, þannig verður til þróunarstarf túlka og túlkanotenda. Það stendur til að hafa námskeið fyrir notendur túlkana seinna eftir að túlkar hér hafa útskrifast eða kannski fyrr.

Hvernig er „góður túlkur“?

Góður túlkur er sá túlkur sem nær einu tungumáli frá öðru tungumáli hvort sem um er að ræða táknmál eða talað tungumál. Þegar hann túlkar setningu verður hann að hafa málfræði, meiningu, tifinningu og formlegheit málsins á hreinu hvort sem um er að ræða erlent tungumál eða táknmál. Góður túlkur verður að vera fastur fyrir, túlka af öryggi og aldrei blanda sér inn í umræður eða hafa áhrif á málefnið sem verið er að túlka, og síðast af öllu virðir hann þagnarskyldu sína út í ystu æsar.

Hvernig hefur þér líkað dvölin á Íslandi og ætlar þú að koma aftur hingað?

Ég er mjög hrifin af Íslandi, hef eignast góða vini hérna og langar vissulega að koma aftur í haust svo framarlega að ég geti fengið vinnu við mitt hæfi hérna.

SMS

DAGSKRÁ FÉLAGSHEIMILIS FH, LAUGAVEGI 26 Í REYKJAVÍK

Fös. 16. maí kl. 13.30 Stórbingó til styrktar ellilífeyrisþegum vegna farar á ellilífeyrisþegamótið í Svíþjóð í sumar. Stórglæsileg verðlaun.

Lau. 07. júní kl. 09.30 Allir hittast við verslunarmiðstöðinni Austurver við Háaleitisbraut. Farið verður í dagsferðalag til Borgarnes. Sjóminjasafnið í Borgarnes heimsótt. Grillað verður í nágrenni Borgarness og allir sem fara eiga að koma með grillmat að vild og drykki. FH sér um kartöflur og sallat. Þeir sem hafa áhuga á að fara í ferðina verða að tilkynna sig til FH í síðasta lagi fyrir 05. júní. Túlkur verður með í ferðinni.

Ath. Alla föstudaga kl. 12.00 er hádegismatur í FH. Allir velkomnir. Verð kr. 100,- brauð, álegg og kaffi og kr. 150,- súpa, brauð, álegg og kaffi.

UNGLINGAKLÚBBURINN

Pri. 27. maí kl. 20.00 Umræður um starfsemi vetrarins og næsta vetrar.

37. KLÚBBURINN

Lau. 21. júní kl. 20.00 Jónsmessa. Sólsetursskoðunarförð til Seltjarnarness

KLÚBBUR ALDRAÐRA

Mán. 26. maí kl. 13.30 Samverustund í Gerðubergi
Fim. 29. maí kl. 13.30 Farið í skoðunarförð um Reykjavík. Merkir sögustaðir heimsóttir til dæmis Höfði. Eftir ferðina verður endað í kaffi á Hótel Borg (Gyllta salnum) Verð fyrir akstur í rútu og kaffi + kaka er kr. 1,100,-

Mán. 09. júní kl. 13.30 Samverustund í Gerðubergi
Dags. óákveðin í júní. Fyrirhugað er að heimsækja forsetasetrið á Bessastöðum, en það verður auglýst síðar.



← Margmenni kom á vorhátiðina



↓ Ástin fékk að blómstra á vorhátiðinni



VORHÁTIÐ Í VESTURHLÍÐARSKÓLA

Á uppstigningardag 8. maí sl. var skipulögð vorhátið í Vesturhlíðarskólanum. Margt var hægt að gera sér til gamns t.d. minigolf, kassabílar, lukkuhjól, fótbolti, fá sér kaffi/svaladrykk og vöflur síðast en ekki síðst eiga góða stund með börnum og hitta aðra. Hér á síðunni eru nokkar myndir frá vorhátiðinni.



← Alltaf gaman í kassabíl


Allir verða nú einhvern tímann að prófa að ganga á stultum... ↓



EVRÓPUFUNDUR Í BRUSSEL

Berglind Stefánsdóttir formaður Félags heyrnarlausra og formaður landsnefndar í Evrópusamvinnu fór til á vinnufund á vegum Evrópuráðs heyrnarlausra EUD í Brussel nú nýverið. Það lá því beinast við að taka viðtal við hana og spryja hvernig Evrópusamvinna gengi.

Berglind segir að Evrópuvinnufundurinn hafi gengið vel og á honum var talað um 12 atriði sem rannsóknarnefndin gerði rannsókn á og skilaði niðurstöðum sínum. Nú þarf hins vegar að velja úr 4 atriði sem eru mest erfið viðvangs hér á Íslandi og kryfja þau mál til mergjar. Ég get ekki fullyrt hver þessi 4 atriði eru fyrr en landsnefndin hefur fundað og ákveðið hver þessi 4 atriði eru.



Berglind Stefánsdóttir formaður landsnefndarinnar

Hver eru þessi 12 atriði?

Þessi 12 atriði eru í raun og veru 12 spurningar sem fjalla allar um samfélag heyrnarlausra td. er spurt um tvítyngdan skóla fyrir heyrnarlaus börn, hvernig aðgengi heyrnarlausra sé að fjölmiðlum, hvernig sé boðið upp á textasímaþjónustu, hvort táknmálið sé viðurkennt í landinu svo eitthvað sé nefnt. Landsnefndin hefur það hlutverk að lýsa aðstæðum, skilgreina mikilvægi/þarfir og gjár og síðast gera tillögur að úrbótum. Ég fór til Brussel með svör við þessum 12 atriðum og fjallaði um þau þar. Sumum spurningum var létt að svara vegna þess að atriðið var til staðar hér á Íslandi, aðrar voru erfiðari viðvangs vegna þess að kannski hafi lítið eða ekkert verið gert í þeim málaflokki, eða jafnvel ekki enn byrjað að vinna í því. Eins og ég sagði áðan þarf að velja núna 4 atriði til að rannsaka og fara betur yfir og þarf landsnefndin að velja þau. Skila þarf niðurstöðum og úrlausnum á þessum 4 atriðum til Bristol þar sem aðalstöðvar rannsóknarvinnu á þessu verkefni eru til staðar fyrir 31. maí næstkomandi. Þannig að það þarf mikla vinnu og hröð handartök að skila þessu, auk þess verður að vinna mjög vel og markvisst að þessu til að niðurstöður komi okkur sem best fyrir. Á þessum vinnufundi voru fulltrúar líka undirbúnir fyrir stóra ráðstefnu þar sem lokaniðurstöður verða kynntar. Ráðstefna þessi verður í Brussel á sama tíma og ársfundur EUD verður. Tveir fulltrúar landsnefndarinnar á Íslandi fara og greiðir EUD allan kostnað við ferðir og dvöl þeirra á ráðstefnunni.

Þegar búið er að fara yfir lokaniðurstöðurnar, hvað verður gert þá?

Það höfum við í landsnefndinni talað um. Flest lönd ætla að nota lokaniðurstöður til að tryggja úrbætur og lausnir á þeim málaflokkum sem eiga undir högg að sækja í sínu heimalandi. Hvað við á Íslandi gerum kemur hinsvegar í ljós eftir lokaniðurstöður, en við munum vissulega nota lokaniðurstöðurnar eins og önnur lönd í samstarfi við stjórnvöld um úrlausn á erfiðum málum.

SMS

MARÍA ORÐIN MAMMA

María Jonny Jóhannsdóttir félagsmaður í FH eignaðist litla rauðhærða dóttur þann 10 mars sl. Sú litla var við fæðingu 3.675 gr og mældist 50 cm að lengd. Litla stúlkana hennar Maríu var skírð í byrjun apríl og fékk nafnið Jóhanna Ósk Jensdóttir. Þeim mæðgum heilsast báðum vel og María er stolt móðir Jóhönnu enda ekki hægt að vera annað því sú litla er algjört krútt eins og myndin af henni hérrna á síðunni sýnir. DÖFFBLAÐIÐ sendir Maríu innilegar hamingjuóskir með litlu dómuna.

SMS



Jóhanna Ósk Jensdóttir tilbúin að fara heim í Hafnarfjörðinn með mömmu sinni.

Á DÖFINNI ÚT Í HEIMI...

Ráðstefnur og mótt 1997

| | | | | |
|------------|-------|---|----------------|-----|
| 12.-16. | maí | Ráðstefnuþing um fólk í fjarskiptum | Osló, | NOR |
| 12.-15. | júní | 75. ára afmæli SDR | Leksand, | SVÍ |
| 23.-30. | júní | Barnamót | Ljungskile, | SVÍ |
| 29.-06. | júlí | Ellilífeyrisþegamót | Stokkhólmi, | SVÍ |
| 13.-19. | júlí | Workshop fyrir döff ranns.táknmál | Bristol, | ENG |
| 13.-26. | júlí | Heimsleikar heyrnarlausra | Kaupmannahöfn, | DAN |
| 15.-24. | ágúst | Heimsmót unglings (WFD) | Dublin, | IRL |
| 10.-14. | sept. | Alþj.ráðst. um sögu og menningu heyrnarl. | Þrándheimi, | NOR |
| 02.-03. | okt | EUD ráðst. um táknmálsverkefni | Brussel, | BEL |
| 02-04. | okt. | Evró-ráðst. um geðheilsu heyrnarlausra | Manchester, | ENG |
| 04-05. | okt. | Ársfundur EUD | Brussel, | BEL |
| 04-09. | nóv. | Alþj. kvikmyndahátíð heyrnarlausra | Brussel, | BEL |
| dags.óákv. | | Workshop fyrir táknmálsfréttaflyttjendur | stað.óákv. | DAN |
| dags.óákv. | | Sjónvarpsráðstefna um stafrænt sjónvarp | stað.óákv. | NOR |
| dags.óákv. | | Æskulýðsfundur Norðurlanda | stað.óákv. | DAN |

Ráðstefnur og mótt 1998

| | | | | |
|------------|------|---|------------|-----|
| 18.-21. | júní | BARNAS ráðstefna | Reykjavík, | ÍSL |
| dags.óákv. | | Dans-leikrit og látbragðs festival | New Dehli, | IND |
| dags.óákv. | | Norræn ellilífeyrisþegafundur | stað.óákv. | NOR |
| 04.10. | júlí | Norræn Menningarhátíð | Bornholm, | DAN |
| dags.óákv. | | Heyrnarlausir í upplýsingasamfélaginu ráðstefna | stað.óákv. | FIN |
| dags.óákv. | | Unglingamót | stað.óákv. | ÍSL |
| 27.-04. | júlí | Æskulýðsmót | Allinge, | DAN |

Allar frekari upplýsingar og þátttökutilkynningar á ráðstefnur og mótt erlendis eru til staðar á skrifstofu Félags heyrnarlausra

3. ALÞJÓÐLEGA RÁÐSTEFNA UM SÖGU HEYRNARLAUSRA

verður haldin í Þrándheimi í Noregi daganna 10.-14 1997. Skipuleggjandi þessarar stóru alþjólegu ráðstefnu er áhugamannahópur um sögu heyrnarlausra í Noregi. Meginþema ráðstefnur er „Deaf Persons in Art and Science“ mætti útleggjast á íslensku „Heyrnarlaust fólk í listum og vísindum“. Margt spennandi ætti að koma fram á ráðstefnu þessari um heyrnarlaust fólk viðsvegar um heim í sögulegum skilningi. Þeir sem hafa áhuga á að fara á ráðstefnuna eða afla sér frekari upplýsingar um ráðstefnuna geta leitað til Berglindar Stefánsdóttur, formanns FH E-mail: bettys@ismennt.is

SMS

19. ALÞJÓÐLEGA KVIKMYNDAHÁTÍÐ HEYRNARLAUSRA

Kvikmyndahátíð fyrir myndbönd og stuttmyndir gerðar af heyrnarlausum verður haldin í Brussel í Belgíu 04-09. nóvember nk. Veitt verða fimm mismunandi verðlaun fyrir besta myndbandið og stuttmyndina. frá 20.000,- til 80.000,- belgiska franka. Senda skal það efni sem áætlun er að taki þátt í keppnini fyrir 26. september nk. Allar frekari upplýsingar um keppni þessa er hægt að fá í gegnum fax eða síma +32 2 649 33 40 eða skrifa til skipulagsskrifstofunnar 19.e Festival International du Film Indépendant, rue Paul Emile Janson, 12, B-1000 Brussels, BELGIUM.

Samtímis og þessi hátíð verður 6. Evrópufundur heyrnarlausra í myndbandsgerð haldin í Brussel 8. nóvember. Á þeim fundi verður mikið talað um táknmálið í myndbandsgerð. Umraður verða á frönsku, ensku, þýsku og táknmáli. Fundarstaðurnn er Centre Culturel Jacques Franck, chée de Waterloo, 94-1060 Brussels. Upplýsingar um Evrópufundinn fást á sama stað og um kvikmyndahátíðina.

SMS



ÍÞRÓTTAFÉLAG HEYRNARLAUSRA

STÓR BINGÓ OG GRILLHÁTİÐ

TIL STYRKTAR HEIMSLEIKAFÖRUM TIL DANMERKUR '97

Kæru félagsmenn, fjölskyldur og stuðningsfólk IFH.

Íþróttafélag heyrnarlausra ætlar að hafa stórbingó og grillveislu þann 31. maí 1997 (athugið, ekki 8. júní eins og talað var um síðast).

Stórbingóið og grillveislan verða haldin í Vesturhlíðarskólanum.

Bingóið hefst kl. 15.00 og grillveislan hefst um leið og bingóið er búið.

Smáskemmtun verður á staðnum.

Það verða glæsileg bingóverðlaun í boði, ýmis raftæki ofl.

T.d. djúpsteikingapottur, gasgrill, tjald ofl. Óvænt stórverðlaun.

Í grillinu eru kjúklingar frá Ísfugli og pylsur frá SS. Meðlæti eru bakaðar kartöflur, maískorn og hrásalat.

| | | |
|-------------------------------|--------------|----------|
| Kjúklingar m/meðlæti | verð 800 kr. | 1 diskur |
| Kjúklingar m/pylsu og meðlæti | verð 900 kr. | 1 diskur |
| 1 pylsa | verð 100 kr. | |
| 2 pylsur | verð 180 kr. | |
| Gosdrykkur | verð 100 kr. | |

Athugið að við munum kynna ykkur skemmtisiglingar sem Íþróttafélag heyrnarlausra hefur pantat þann 14. júní, auk þess tökum við á móti pöntunum þar. Athugið, það komast 100 manns í skipið.

Takið alla fjölskylduna með ykkur í stórfjörið. Það verður fjör og gaman og auk þess styrkið þið um leið heimsleika heyrnarlausra.

MED BESTU SUMARKVEDJU, STJÓRN ÍÞRÓTTAFÉLAGS HEYRNARLAUSRA